



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/483
komudagur 29.11.2010

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 26.11.2010
Tilv. 021
HJ


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umgengni um skeldýrarækt (heildarlög), 201. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til erindis sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um 201. mál.

Í lögum um vitamál nr. 132/1999 er í 2. gr. kveðið á um að Siglingastofnun Íslands beri að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið. Í 6. mgr. sömu laga segir: “Jafnframt skal leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.”

Siglingastofnun telur að með ákvæðum í 5. og 6. gr. frumvarpsins sé skilyrðum laga um vitamál mætt og gerir því ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt
f.h. Siglingastofnunar Íslands



Hermann Guðjónsson